

Samþykktir fyrir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

I. Kafli - Nafn félagsins, heimilisfang og hlutverk

1. gr. Nafn og heimili

Félagið er hlutafélag og heitir Sjóvá-Almennar tryggingar hf. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um hlutafélög.

Heimili félagsins er að Kringlunni 5, Reykjavík og varnarþing í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur félagsins

Aðaltilgangur félagsins er að taka að sér hvers konar váttryggingar, sem frumtryggjendur, samtryggjendur og endurtryggjendur, bæði á Íslandi og erlendis, aðrar en líftryggingar, ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi, kaup og sala verðbréfa, allt í samræmi við tilgang félagsins og lög um váttryggingastarfsemi á hverjum tíma.

3. gr. Stjórnskipulag

Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundur
2. Stjórn félagsins
3. Framkvæmdastjóri

II. Kafli - Um hlutafé félagsins

4. gr. Hlutir og hlutafé félagsins

Hlutafé félagsins er kr. 1.161.701.917 – einn milljarður eitt hundrað sextíu og ein milljón sjöhundruð og eitt þúsund níu hundruð og sautján krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.

5. gr. Skyldur hluthafa

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hverjum hluthafa er skylt að hlíta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlutafjáreign sína. Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum umfram ákvæði laga. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið nema með samþykki allra hluthafa.

6. gr. Hækkun og lækkun hlutafjár

Samþykki hluthafafundar þarf til hækkunar hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum á hverjum tíma. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

Hluthafafundur hefur samþykkt heimild til handa stjórn að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 21.000.000 að nafnverði í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga sem félagið hefur gert við starfsfólk í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Heimildin gildir til 7. mars 2029, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum og hafa því ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykta kaupréttaráætlun félagsins.

7. gr. Réttindi hluthafa, sala hluta og takmarkanir á lánveitingum félagsins

Hlutir í félaginu veita hluthafa þau réttindi sem samþykktir félagsins mæla fyrir um. Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu.

Samþykktir fyrir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

8. gr. Hlutaskrá, rafrænt skráðir hlutir

Hlutir í félaginu eru gefnir út rafrænt samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og fundarboð og tilkynningar allar, sendar þeim aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í félaginu.

9. gr. Rafræn skjalasamskipti

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.

10. gr. Eigin hlutir félags

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Slíka heimild má ekki veita til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.

III. Kafli - Um hluthafafundi félagsins

11. gr. Hluthafafundir

Innan þeirra takmarka, er samþykktir þessar setja, hafa lögmætir félagsfundir, hluthafafundir, æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins eða landslögum. Hluthafafundi skal halda í Reykjavík, nema stjórn félagsins ákveði annað.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu en gera má um þau ályktanir til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

12. gr. Fundarboðun aðalfundar

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal félagsstjórn boða til hans með bréfi, símbréfi, auglýsingu í fjölmiðlum eða á annan jafn sannanlegan hátt með minnst þriggja vikna fyrirvara og skal dagskrár fundar getið í fundarboðinu. Svo fljótt sem verða má skal stjórn félagsins upplýsa um áætlaða dagsetningu aðalfundar á næstkomandi ári á vefsíðu félagsins, ásamt fresti fyrir hluthafa til að leggja fram mál eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum, sbr. 2. mgr. 17. gr. samþykktu þessara.

Premur vikum fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar. Þá skal samfelt í þrjár vikur fyrir aðalfund og auk þess fundardaginn veita hluthöfum að lágmarki upplýsingar um eftirfarandi á vef félagsins:

1. Fundarboð.
2. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, sundurliðað eftir flokkum ef við á.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund.
4. Ályktunartillögu eða eftir atvikum athugasemdir frá stjórn og/eða nefndum félagsins varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá aðalfundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
5. Eftir atvikum eyðublöð sem umboðsmaður skal nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu nema þau séu send hverjum hluthafa.

Á aðalfundum verður aðeins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboði. Ef taka skal til meðferðar breytingar á samþykktum skal greina meginefni tillagna í fundarboðinu.

13. gr. Aukahluthafafundir og boðun þeirra

Aukafundi skal halda, þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á, samkvæmt fundarályktun.

Þá skal stjórnin og boða til aukafundar, er kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina ástæður fyrir nauðsyn aukafundar. Stjórnin skal senda fundarboð um aukafund innan 14 daga, eftir að krafan kom stjórninni í hendur. Nú hefur stjórnin ekki sent fundarboð innan 14 daga frá móttöku kröfunnar og geta endurskoðendur og/eða hluthafar látið boða fundinn samkvæmt 87. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Um fundarboðun til aukafundar gilda að öðru leyti reglur 12. gr. samþykta þessara.

Á aukafundum verður aðeins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboði.

14. gr. Lögmæti hluthafafunda og breytingar á samþykktum

Hluthafafundir eru lögmætir, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til þeirra boðað.

Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum.

Samþykktum félagsins verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi, nema ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heimili sérstaklega frávík þar frá. Ákvörðun hluthafafundar um breytingu samþykta verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykta að hluthafar, sem ráða yfir 1/4 hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirsmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 94. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

15. gr. Réttur til setu á hluthafafundum

Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, stjórnarmenn, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri. Á aðalfundi hafa jafnframt rétt til setu þeir sem eru í framboði til kosningar í stjórn félagsins.

Hluthafa er heimilt að sækja fundi ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig má hluthafi fela umboðsmanni að sækja fyrir sig fundi og skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Þá hefur skiptastjóri, lögráðamaður ófjárráða og ráðsmaður samkvæmt lögræðislögum heimild til að sækja fundi fyrir hönd skjólstæðings síns eða láta umboðsmann gera það fyrir sína hönd.

16. gr. Fundarsköp

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund. Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri, er fundurinn kýs. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti funda, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Þegar fundur hefur verið settur skal gera skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Fundargerð skal vera full sönnun þess, er fram hefur farið á fundinum.

17. gr. Dagskrá aðalfundar

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir áður tilkynntan aðalfundardag, sbr. lokamálslið 1. mgr. 12. gr. samþykktu þessara, skal hluthafi, sem þess óskar, hafa gert skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundi. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Kröfu má gera síðar, en þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfundinn.

Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfund birta á vefsíðu félagsins þær tillögur og ályktanir sem lagðar verða fyrir fundinn, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

18. gr. Rafrænir hluthafafundir

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Hluthafa skal þó ávallt gefinn kostur á að greiða atkvæði, bréflega eða rafrænt, um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.

Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður tryggi að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar samkvæmt hlutafélagalögum.

Þess skal getið í fundarboði fari fundur fram með rafrænum hætti. Fundarboðið skal þá jafnframt bera með sér upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geti nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku.

Hluthafar sem hyggjast taka þátt í rafrænum hluthafafundi skulu tilkynna um þátttöku sína með hæfilegum fyrirvara sem geta skal um í fundarboði.

19. gr. Atkvæðavægi

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut, sem þeir eiga í félaginu.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið kann að eiga sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur fyrir hlutabréf, sem dótturfélag kann að eiga í félaginu.

IV. Kafli - Starfsemi og stjórn félagsins, tilnefningarnefnd

20. gr. Kosning stjórnar

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum. Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það til tilnefningarnefndar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar á þar til gerðu eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og skal vera aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, auk annarra upplýsinga sem tilnefningarnefnd kann að óska eftir. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Eigi síðar en þremur dögum eftir að framboðsfresti lýkur skv. 1. mgr. skal tilnefningarnefnd meta hvort frambjóðandi sé óháður gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut félaginu eða meira. Hafa skal leiðbeiningar og reglur um góða stjórnarhætti eins og þær eru á hverjum tíma til hliðsjónar við matið. Í starfsreglum tilnefningarnefndar er kveðið á um hvernig nefndin skuli leggja mat á hæfni frambjóðenda til stjórnar.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa tilnefningarnefnd um framboð sitt. Hún skal fara þannig fram að nöfnum allra frambjóðenda er raðað á einn atkvæðaseðil. Hver maður má greiða frá einum og upp í fimm mönnum atkvæði. Atkvæðamagni sínu má hann skipta í þeim hlutföllum sem hann vill milli frambjóðendanna. Skipti hann því ekki sjálfur skal miðað við að það skiptist jafnt á milli þeirra sem hann kýs.

Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varastjórnarsætin skipa sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Hafi ekki nægilega margir af hvoru kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

Stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum, sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingarstarfsemi eftir því sem við á.

21. gr. Verkaskipting stjórnar, fundarsköp stjórnarfunda

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum eftir því, sem henni þykir henta. Formaður kveður stjórn til funda, stýrir þeim og undirbýr þá í samráði við framkvæmdastjóra.

Fundi skal halda þegar stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri félagsins eða endurskoðendur óska þess.

Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirætlum og eru stjórnarfundir lögmætir, ef meirihluti stjórnarmanna eru mættir. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að meirihluti kjörinna stjórnarmanna eða varamanna í þeirra stað, séu aðalmenn forfallaðir, séu slíkri ákvörðun samþykkir og að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum hennar, og staðfestist hún með undirskrift mættra stjórnarmanna.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Firmað ritar meirihluti stjórnar.

22. gr. Starfssvið félagsstjórnar

Stjórn félagsins hefur æðstu forstöðu félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni stjórnar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og almennt eftirlit með því að skipulag félags og starfsemi séu jafnan í samræmi við lög og samþykktir félagsins.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins og ákveða yfirstjórn þess.
3. Að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra félagsins.
4. Að ráða innri endurskoðanda félagsins.
5. Að ákveða hvaða starfsmenn hafi heimild til að skuldbinda félagið og setja reglur um slíkt.
6. Að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar, veitingu ábyrgða og lántökur félagsins, að fenginni umsögn framkvæmdastjóra.
7. Að taka ákvörðun um afskriftir eigna og útlána félagsins. Félagsstjórn er heimilt að fela starfsmönnum félagsins að annast afskriftir útlána eftir reglum sem það setur.
8. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs eða eftir atvikum hvernig mæta skuli tapi samkvæmt ársreikningi.
9. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um hlutafélög.

Félagsstjórn fjallar einnig um önnur mál sem hluthafafundur eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

23. gr. Framkvæmdastjóri og innri endurskoðun

Dagleg stjórn félagsins er í höndum framkvæmdastjóra sem félagsstjórn ræður í samræmi við 2. og 3. tl. 2. mgr. 22. gr. samþykta þessara. Félagsstjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra félagsins prókúruumboð. Félagsstjórnin hefur heimild til að víkja framkvæmdastjóra frá störfum. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur er honum verða settar af stjórn félagsins eða samþykktum þess. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði félagsins á hluthafafundum þeirra hlutafélaga sem félagið á hlutabréf í, nema annað sé sérstaklega ákveðið af stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og segir þeim upp.

Innri endurskoðun félagsins, sem heyrir beint undir félagsstjórn, hefur eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi félagsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan félagsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

24. gr. Tilnefningarnefnd

Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það meginhlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar.

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kosnir til tveggja ára á aðalfundi félagsins. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skulu stjórnarmenn félagsins ekki eiga sæti í nefndinni.

Í starfsreglum tilnefningarnefndar, sem samþykktar skulu á hluthafafundi, skal nánar kveðið á um kjörgengi og framboð til tilnefningarnefndar, kosningu nefndarmanna, mat á óhæði þeirra svo og um störf og starfshætti nefndarinnar.

V. Kafli - Ársreikningur og endurskoðun

25. gr. Ársreikningur

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Skal við samningu ársreiknings og endurskoðun sérstaklega gætt ákvæða laga um váttryggingastarfsemi.

26. gr. Endurskoðendur

Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal kjörinn á aðalfundi félagsins og í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Endurskoðendur hafa, hvenær sem er, aðgang að bókum félagsins til að sinna hlutverki sínu. Endurskoðandi má ekki vera í stjórn félagsins, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður og skal að öðru leyti fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem lög kveða á um.

27. gr. Ársreikningsgerð

Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu aftur hafa endursent hann til formanns með athugasemdum sínum svo tímanlega, að hann geti legið frammi í tvær vikur fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

28. gr. Ráðstöfun hagnaðar og taps

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um ráðstöfun hagnaðar, þ.m.t. um úthlutun arðs, eða eftir atvikum hvernig mæta skuli tapi og tekur fundurinn fullnaðarákvörðun þar að lútandi.

VI. Kafli - Félagsslit og önnur ákvæði

29. gr. Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og ber þá að boða til hluthafafundar með sama hætti og aðalfundar.

Til að ákvörðun hluthafafundar um félagsslit sé gild, þurfa hluthafar, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins að greiða henni jákvæði sitt. Félagsslit fara fram skv. XIII. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 og XXIV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

30. gr.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, laga um váttryggingastarfsemi, laga um ársreikninga og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

Fyrirsagnir einstakra greina teljast ekki hluti samþykktanna, en eru settar inn til hægðarauka.

Samþykkt á stofnfundi félagsins í Reykjavík, þann 20. júní 2009

Breytingar:

Hluthafafundur þann 30. september 2009

Aðalfundur þann 29. apríl 2011

Hluthafafundur þann 26. júní 2012

Aðalfundur þann 21. mars 2013

Hluthafafundur þann 4. febrúar 2014

Aðalfundur þann 26. mars 2015

Aðalfundur þann 11. mars 2016

Aðalfundur þann 17. mars 2017

Aðalfundur þann 15. mars 2018

Hluthafafundur þann 26. október 2018

Aðalfundur þann 15. mars 2019

Aðalfundur þann 12. mars 2020

Aðalfundur þann 12. mars 2021

Hluthafafundur þann 19. október 2021

Aðalfundur þann 11. mars 2022

Aðalfundur þann 10. mars 2023

Aðalfundur þann 7. mars 2024

Aðalfundur þann 13. mars 2025

Stjórnarfundur 10. nóvember 2025

Framanritaðar samþykktir eru gildandi samþykktir félagsins með innfærðum breytingum á hlutafé sem samþykktar voru á stjórnarfundum félagsins hinn 10. nóvember 2025, í samræmi við heimild í 6. grein samþykktá.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Í gildi frá: 10.11.2025

Viðauki við samþykktir Sjóvá-Almennra trygginga hf. – Samþykktur á aðalfundi 13. mars 2025

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 13. mars 2025 samþykkti að veita stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum í samræmi við 9. gr. samþykta félagsins, sbr. nú 10. gr., sem hljóðar svo:

„Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Slíka heimild má ekki veita til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.“

Heimild stjórnarinnar til kaupa á eigin bréfum hljóðar svo:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 13. mars 2025 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 115.659.000 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“